

Mál nr. 79/2010

M

og

vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar R.

Krafa um bætur vegna meintrar tjörublæðingar 16. október 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 8. mars 2010, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélags V til nefndarinnar, dags. 23. mars 2010 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi föstudaginn 16. október ekið um Siglufjarðarveg á leið suður og hafi þá orðið var við að mikil tjara og mól hafi safnast utan á hjólbarða, felgur og inn á bretti bifreiðarinnar. Þegar M var kominn til Reykjavíkur hringdi hann til lögreglunnar á Siglufirði og kvaðst hafa verið kominn í Staðarskála þegar bifreið hans hafi verið farin að titra sökum þessa og að tjöruflyksur hafi skotist undan bifreiðinni. Með málskoti fylgja myndir og afrit reiknings upp á kr. 19.770.- vegna tjöruhreinsunar. M var í samskiptum við Félag íslenskra bifreiðaeigenda vegna málsins og tilkynnti það til V 10. nóvember 2009.

M telur með vísan til 56.gr. vegalaga nr. 80/2007 að R beri ábyrgð á því tjóni sem hann varð fyrir og fólst í hreinsun tjöru af bifreið hans. M telur að starfsmenn R hafi sýnt gáleysi við störf sín og gengið þannig frá Siglufjarðarvegi, eftir lagningu bundins slitlags haustið 2009, að hætta hafi verið á tjörublæðingu og því verið R að bera ábyrgð á.

V telur að ekki sé sýnt fram á gáleysi starfsmanna R við lagningu bundins slitlags eða frágang á Siglufjarðarvegi eftir það. Ekki nokkur annar haft samband vegna svipaðra kvartana og M og starfsmenn R hafi við reglubundið eftirlit sitt með veginum ekki orðið varir við neitt óeðlilegt á vegkaflanum né aðrir sem færu þarna reglulega um og R hafði samband við vegna málsins. Tjara hafi getað komið á dekkjabúnað bifreiðar M hvenær sem er við akstur hennar í því tíðarfari sem var í haust en upplýst sé að henni hafi verið ekið á góðum nagladekkjum.

Álit.

Gildissvið 56.gr. vegalaga nr. 80/2007 lýtur að bótaábyrgð veghaldara vegna gáleysis hans við veghaldið og sannað sé að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Um er að ræða lögfesta skaðabótareglu sem tekur þó mið af almennu reglum skaðabótaréttarins um að til þurfi saknæma háttsemi að hálfu tjónvalds til að hægt sé að fallast á skaðabótaábyrgð. Sönnunarbyrði um slíka háttsemi hvílir á þeim sem verður fyrir tjóni. Hann þarf að sýna fram á gáleysi veghaldara skv. 56.gr. vegalaga. Þau sönnunargögn sem lögð hafa verið fram í málinu sýna tjöru á bifreið M þann 10. nóvember 2009 ef marka má merkingu á myndunum. Þá var M búin að aka til Reykjavíkur og tilbaka og nær mánuður liðinn frá því að hann ók Siglufjarðarveg í það skipti sem hann telur tjónið hafa orðið. Ekki liggja fyrir staðfestar upplýsingar um kvartanir annarra sem óku um Siglufjarðarveg sama dag og M eða á svipuðum tíma. Ef tjörublæðing hefði verið á þessum stað með jafnáberandi hætti og M lýsir hefði honum verið í lófa lagið að tryggja sér sönnun þar um. Í ljósi almennra sönnunarreglna verður við þessar aðstæður því ekki talið fullsannað m.v. þau gögn sem liggja fyrir í málinu að tjón á bifreið V hafi orðið vegna gáleysis starfsmanna R.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 13. apríl 2010

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.